

- 8.11 Loftnet skal vera lóðrétt pólað og óstefnuvirkt á láréttu plani.
- 8.12 Sendirinn skal vera viðurkenndur af fjarskiptaeftirliti Póst- og símamálastofnunar og siglingamálastjóra. Verði ágreiningur, sker samgönguráðuneytið úr honum. Þær neyðarbaujur, sem eru í gúmmíbjörgunarbatum og samþykktar hafa verið, mega vera í þeim meðan rafhlöðurnar endast, þó ekki lengur en 5 ár frá því þær voru afhentar til notkunar.
- 8.13 Neyðarbaujur á metrabylgju, sem koma til prófunar hjá fjarskiptaeftirlitinu skulu vera með sérstakri prófunartíðni, 122,55 og 245,1 MHz.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 51/1987 staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið 27. maí 1992.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hafa verið settar reglur um takmarkanir akstri á vinnuvéla og dráttarvéla sem hér segir:

I. Takmörkun umferðar vinnu- og dráttarvéla.

1. Akstur og dráttur vinnuvéla og dráttarvéla verður bannaður allan sólarhringinn á eftirfarandi vegum:
 - a) Kringlumýrarbraut sunnan Listabrautar.
 - b) Vesturlandsvegi milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka.
2. Akstur og dráttur vinnuvéla og dráttarvéla verður bannaður á virkum dögum kl. 7.30–9.00 og kl. 16.30–18.30 á eftirfarandi vegum:
 - c) Reykjanesbraut.
 - d) Vesturlandsvegi austan Höfðabakka.
 - e) Suðurlandsvegi milli Bæjarháls og Breiðholtsbrautar.
 - f) Bæjarhálsi.
 - g) Höfðabakka norðan Stekkjarbakka.
 - h) Miklubraut.
 - i) Kringlumýrarbraut norðan Listabrautar.
 - j) Sæbraut.
 - k) Hringbraut austan Suðurgötu.
 - l) Bústaðavegi.
 - m) Breiðholtsbraut.
 - n) Stekkjarbakka milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka.
 - o) Gullinbrú (áður Sundabraut).

II. Undanþágur.

1. Vinnuvélar og dráttarvélar, sem notaðar eru við framkvæmdir, viðhald eða snjóruðning á einhverjum af ofangreindum vegum, þurfa ekki að sæta takmörkunum á viðkomandi vegarkafli.
2. Vinnuvélar og dráttarvélar verða ekki háðar ofangreindum takmörkunum, þegar almennur snjóruðningur á vegum er í gangi, enda sé færð á vegum erfið.

III. Skilgreiningar.

Vinnuvél og dráttarvél skilgreinist á sama hátt og í umferðarlögum með þeirri áréttingu, að undanskilin eru þau tæki, sem skilgreind eru sem bifreiðar af Bifreiðaskoðun Íslands. Auglýsing þessi tekur gildi 1. júlí 1992.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. maí 1992.

Böðvar Bragason.

1. júní 1992

Nr. 202

AUGLÝSING**um hækkun bifreiðagjalds þann 1. júlí 1992.**

Með vísan til 5. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 590/1987, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, tilkynnist hér með að grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjald vegna nýskráðra bifreiða verða þann 1. júlí 1992 sem hér segir:

Fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd 4,33 kr.

Fyrir hvert kílógramm umfram 1000 kg skal greiða að auki 2,17 kr.

Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2 214 kr., né hærri gjald en 12 729 kr.

Lágmarksgjald vegna nýskráningar skal vera 877 kr.

Fjármálaráðuneytið, 1. júní 1992.

Indriði H. Þorláksson.

Rúnar Hannesson.

26. maí 1992

Nr. 203

SKIPULAGSSKRÁ**Styrktarsjóðs heilbrigðisstofnana í Vestur-Barðastrandarsýslu.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður heilbrigðisstofnana í Vestur-Barðastrandarsýslu. Heimili hans og varnarþing er í Vestur-Barðastrandarsýslu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins kemur úr dánarbúi Einars B. Bjarnasonar frá Hreggsstöðum og nemur kr. 450 000,00. Stofnféð má aldrei skerða og skal ávallt leggja við það $\frac{1}{4}$ hluta vaxta af því og allar verðbætur af því.